



Fréttatilkynning

18 December 2023 15:27:00 GMT

Arion banki: Breytingar á kaupaukakerfi

Stjórn Arion banka hefur samþykkt breytingar á kaupaukakerfi fyrir starfsfólk Arion banka sem gildir fyrir árið 2024. Núverandi kerfi var upphaflega sett á í desember 2020 og er að fullu í samræmi við reglur Seðlabankans um kaupaukagreiðslur starfsfólks fjármálafyrirtækja og starfskjarastefnu bankans sem samþykkt var á aðalfundi.

Breytingin felur aðallega í sér að hluti starfsfólks, sem áður gat eingöngu fengið greiddan kaupauka í formi hlutabréfa í bankanum, mun, auk greiðslu á allt að 5% af föstum árslaunum, hafa val um hvort það fær eftirstöðvar kaupauka í formi hlutabréfa eða kaupréttá hlutabréfum í bankanum, sem jafngildi allt að 20% af föstum árslaunum. Í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki er 40% af kaupauka frestað til fjögurra eða fimm ára. Því til viðbótar er sölubann á afhentum hlutabréfum til þriggja ára.

Helstu skilmálar kaupréttanna eru:

- Innlausnarverð tekur mið af gengi hlutabréfa í bankanum á þeim degi sem ársreikningur fyrir árið 2024 er samþykktur og er ávaxtað yfir ávinnslutíma á ársvöxtum sem taka mið af markaðstæðum á þeim tíma er kaupréttir verða gefnir út, og skal kaupverð m.a. leiðrétt fyrir arðgreiðslum sem kunna að vera ákveðnar á ávinnslutíma.
- 1/2 af kauprétti ávinnst á þremur árum frá útgáfu og eftirstöðvar ávinnast á fjórum árum (fimm árum fyrir bankastjóra og starfsmenn sem heyra beint undir bankastjóra) frá útgáfu.
- Nýtingartímabil er í hvort skipti 15 virkir dagar eftir birtingu ársreiknings. Ef hluti kaupréttar er ekki nýttur á viðkomandi tímabili fellur hann niður.
- Kaupréttir falla almennt niður ef ráðningarsambandi er slitið.
- Virði kaupréttá skal reiknað skv. reiknilíkani Black-Scholes og skal óháður sérfræðingur staðfesta útreikning bankans á virði kaupréttá.

Allt annað starfsfólk Arion banka, að starfsfólki eftirlitseininga undanskildu, er áfram hluti af kerfinu og getur eftir sem áður fengið allt að 10% af föstum árslaunum í kaupauka þegar ársreikningur bankans fyrir árið 2024 liggur fyrir.

Greiðslur skv. kaupaukakerfi bankans eru háðar því að markmiðum kerfisins hafi verið náð.



Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Breytingar á kaupaukakerfi](#)